

AUGLÝSING

um vinnumiðlun í Stokkseyrarhreppi í Árnassýslu.

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, hefur félagsmálaráðherra ákveðið, að vinnumiðlun skuli starfrækt í Stokkseyrarhreppi í Árnassýslu.

Um framkvæmd vinnumiðlunarinnar fer eftir lögum nr. 52/1956, um vinnumiðlun og reglugerð um vinnumiðlun nr. 130/1956.

Félagsmálaráðuneytið, 16. júní 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

18. júní 1969.

Nr. 197.

AUGLÝSING

um myntútgáfu.

Á grundvelli laga um gjaldmiðil Íslands, nr. 22 frá 23. apríl 1968, mun Seðlabanki Íslands á næstunni gefa út 5 krónu og 50 aura peninga, sem skulu vera lögaurar í allar greiðslur hér á landi með fullu ákvæðisverði. Eru peningarnir með svofelldri gerð:

1. 5 krónu peningurinn er 20.75 mm í þvermál og vegur 4 grömm. Málmhlutföll hans eru 75% kopar og 25% nikkell, sem skeikað getur um 1% innan nefndra hlutfalla. Á framhlið peningsins er tölustafurinn 5 fyrir miðju milli birkigreina og þar fyrri ofan „ÍSLAND“, en fyrir neðan „KRÓNUR“. Á bakhlið er ártalið 1969 undir skjalarmerki lýðveldisins. Rönd peningsins er slétt.
2. 50 aura peningurinn er 19.00 mm í þvermál og vegur 2.4 grömm. Málmhlutföll hans eru 79% eir, 1% nikkell og 20% zink, sem skeikað getur um 1% innan nefndra hlutfalla. Á framhlið peningsins eru tölustafirnir 50 fyrir miðju milli birkigreina og þar fyrir ofan „ÍSLAND“, en fyrir neðan „AURAR“. Á bakhlið er ártalið 1969 yfir fánamerki lýðveldisins, sem er umlukið lárviðarsveig. Rönd peningsins er riffluð.

Þetta er almenningi gert kunnugt hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 18. júní 1969.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.